



Alþingi,
umhverfis- og samgöngunefnd,
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir,
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 19. janúar 2022

Varðar: Þingmál 169 – áfallaþol fjarskiptaþjónustu og fjarskiptaneta

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 28. des. sl. þar sem óskað var eftir umsögn Nova við ofangreint lagafrumvarp. Um er að ræða sama frumvarp og Nova hefur þegar gefið umsögn um, dags. 17. desember sl.

Nova áréttar að öllu leyti þá afstöðu sem kemur fram í fyrri umsögn félagsins.

Einnig telur Nova rétt að koma eftirfarandi á framfæri á þessu stigi:

Óháð eignarhaldi Mílu þá er það félag af sögulegum ástæðum undirstöðubirgi fjarskiptafélaga um byggingu burðar- og stofnbrauta grunnneta á landsvísu. Það er því mikilvægt að hægt sé að leggja á félagið kvaðir af því marki sem þurfa þykir til þess að tryggja virka innviðasamkeppni milli fjarskiptafélaga. Eins og fram kemur í umsögn Mílu hefur félagið gert samning við íslenska ríkið sem Nova er ekki kunnugt um að sé opinber, en sýnir það glögglega þá sérstöðu sem félagið býr við. Það er því mikilvægt að heildsöluþjónusta sem Míla veitir til handa fjarskiptafélögum sé tryggð og gerist á eðlilegum samkeppnisforsendum og ekki sé þar raskað rekstraröryggi fjarskiptafyrirtækja á grundvelli kostnaðar.

Þá tekur Nova undir með Ljósleiðaranum að rekstur fleiri (og á amk 2) grunnneta á landsvísu myndi bæta til muna rekstraröryggi og þjónustu til handa neytendum á Íslandi.

Í fyrri umsögn Nova komu fram sjónarmið um ný sektarákvæði og aukinn kostnað vegna eftirlits. Nova tekur undir m.a. umsögn Mílu um að kostnaður vegna eftirlits er illa skilgreindur og virðist vera ótakmarkaður. Einnig er tekið undir álit Mílu að frumvarpið skortir afmörkun á hugtökunum almannahagsmunir og þjóðaröryggi sem og skilgreiningu á því hvaða og


hverskonar afmarkaðir þættir falla undir að vera undir sérstökum kvöðum vegna úthýsingar.

Nova tekur undir álit 112 um að brýnt sé að hafa augun á yfirlýstu markmiði lagasetningarinnar þ.e. að auka áreiðanleika fjarskipta sem meðal annars er hægt að ná fram með aukinni samvinnu milli neyðarþjónustuaðila og fjarskiptafyrirtækja um fjarskipti, sér í lagi á svæðum sem falla utan þéttbýlis þar sem ríkir samkeppni.

Þá tekur Nova undir með öðrum umsagnaraðilum (SA og Sýn) að æskilegt væri að einstök atriði þessa frumvarps, um áfallaþol fjarskiptaþjónustu og neta, rati í viðeigandi löggjöf í vinnu um heildarendurskoðun fjarskiptalaga sem hagsmunaaðilar eru í raun að bíða eftir að verði að veruleika.

Virðingarfyllst,

f.h. Nova hf.



Gunnar A. Ólafsson